



Fundarstaður: Végarður, kl. 14:00.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson formaður, Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnar Gunnarsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Jónu Árný Þórðardóttur framkvæmdastjóra Austurbrúar og Sylvíu Helgardóttur verknema boðið til fundar, ásamt Örnunni Björg Bjarnadóttur.

Dagskrá:

- Staða verkefna
- Austurbrú – Tengsl verkefna. Jóna Árný
- Önnur mál

Formaður bauð alla velkomna og setti fund. Gaf verkefnastjóra orðið.

Staða verkefna

Verkefnastjóri fór yfir stöðu verkefna með því að fara yfir skjal með áhersluverkefnum ársins.

- *Fimmtudagar í Fljótsdal.* Covid-19 hefur spilað töluvert inn í allt viðburðahald þó reynt hafi verið að standa fyrir uppákomum í gegnum fjarfundarkerfið zoom. Undirbúningur var hafinn undir komu Svavars Knúts en fresta þurfti viðburðum vegna hertra samkomutakmarkana. Hann stefnir þó á að koma þegar færi gefst. Haldnir voru eftirfarandi viðburðir:
 - *Nýsköpun í sauðfjárrækt* – Fræðslufundur 18. febrúar með Ann-Marie Schlutz og Guðríði Baldvinsdóttur. Virkilega vel heppnaður fundur.
 - *Garðyrkjuspjall* - Fór fram 15. apríl í Végarði sem var vel sótt og góðar umræður áttu sér stað.
 - *Citta Slow* – kynning haldin 12. apríl með Gretu Mjöll Samúelsdóttur á Djúpavogi.
 - *YggCarbon* – fræðsla haldin 21. apríl með Kolbeini Hilmarssyni frá Egilsstöðum.

Ágætis mæting hefur verið á viðburðina sem hafa verið auglýstir fyrst og fremst innansveitar og á fésbókarsíðunni Fögur framtíð í Fljótsdal.

- *Námskeiðahald.* Námskeiðin Beint frá býli, kjötið, sápugetið og jurtalitun hafa verið auglýst meðal fljótsdælinga, en þau fóru fram í Hallormsstaðaskóla. Einn skráði sig á beint frá býli en hætti við þátttöku, enginn skráði sig á jurtalitunina en þátttaka var úr Fljótsdalnum á hin tvö námskeiðin.
- *Umhverfisdagur og umhverfisáætlun.* Verkefnin voru útfærð sem lokaverkefni Sylvíu Helgardóttur í verknámi hennar við Austurbrú, sem staðið hefur yfir frá 15. janúar. Verkefnastjóri hefur lagt nemanum lið við skipulagninguna en verknáminu líkur nú í vikunni.

Sylvíu gefið orðið. Hún fór yfir umhverfisdaganna sem voru skipulagðir með viðburðum frá 12. til 21. apríl. Fyrirlestrarnir um Citta Slow, Yggdrasil Carbon tengdust dagskránni, dagar skráðir þar sem hvatt var til að njóta náttúrunnar og plokka rusl. Jafnframt voru skipulagðir rýni hópar sem funduðu um umhverfis- og loftslagsstefnu Fljótsdals. Unnið er að því að yfirfara hana miðað við umræðu og í framhaldið verður því skilað inn til verkefnastjóra ásamt öðrum gögnum sem unnin hafa verið á verknámstímanum.

- *Búnaðarfélagið*. Haldinn var aðalfundur fyrir 2020 og 2021 nú 19. apríl. Farið yfir mál, nýir félagar teknir inn og skipuð ný stjórn. Verkefnastjóri var fengin sem ritari á fundinn. Áhugi er á því að yfirfara áherslur varðandi tækjæigna og önnur verkefni.
- *Byggðakjarninn*. Unnið hefur verið að gerð samkomulags á milli Fljótsdalshrepps og Ríkiseigna en það er ekki fullfrágengið. Samtal hefur átt sér stað við TGJ-ráðgjöf og Landbúnaðarháskólann um að tengja þróunar- og rannsóknaverkefni við skipulag og uppbyggingu byggðakjarnans. Einnig hefur borist tilboð í deiliskipulagsgerð frá TGJ og beðið eftir tilboðum frá öðrum í deili- og aðalskipulagsgerð.
- *Heimasíðan*. Sveitarstjórn samþykkti tilboð í uppfærslu á heimasíðu hreppsins. Unnið er að því að útvega myndir og yfirfara texta af gömlu síðunni yfir á þá nýju. PES mun sjá um hönnun síðunnar út frá rýni íbúa og vinnuhóps. Samhliða verður reynt að taka saman punkta er nýst geta í drög að innviðagreiningu hreppsins.
- *Örnefnaskráning*. Staðið var fyrir námskeiði í örnefnaskráningum með Landmælingum Íslands í Végarði og á Egilsstöðum 25. mars. Fimm úr Fljótsdal mættu auk nokkurra úr Fellum og frá Héraði. Helga Eyjólfsdóttir vann góða vinnu en varð frá að hverfa. Aðrir möguleikar eru í skoðun til að halda áfram með vinnuna.
- *Hengifoss*. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti þjónustubyggingu við svæðið og uppbyggingu gönguleiða um svæðið. Sveitarfélagið hefur samið við Ingimar Jóhannsson frá Eyrarlandi að hafa yfirumsjón með framkvæmdum og verið er að vinna að samkomulagi við landeigendur um lóð undir þjónustumiðstöðina.

Austurbrú – Tengd verkefnis

Jóna Árný kynnti nokkur verkefni innan Austurbrúar:

- Austurbrú er nú með skilgreint hlutverk Áfangastaðastofu sem vinnur að áfangastaðaáætlun fyrir Austurland og styður við ferðaþjónustu svæðisins; útivist, leiðangra, mat og sköpun/menning,
- Markaðsherferð – Austurland ævintýri líkast. Notkun á Austurlandsstjórnunni.
- Ferðaleiðir á Austurlandi, sjá www.austurland.is
- Samstarf við Íslandsstofu og Byggðastofnun.
- Auk þess farið yfir sérverkefni og rekstrarverkefni sem Austurbrú hefur verið falið af sveitarfélögunum og SSA.

Önnur mál

- Umræður um stöðu verkefna sem komið hafa fram á samfélagsþingum annars vegar og hins vegar verkefnum með styrkjum frá Samfélagssjóði. Almenn ánægja með það sem áunnist hefur og hversu vel þetta samtvinnast, þrátt fyrir covid-áhrif. Haft á orði jákvæð umfjöllun frá dalnum í fjölmiðlum.
- Verkefnastjóri kynni heimsóknáætlun til Rótarýklúbba eftir að hún tekur sæti umdæmisstjóra Rótarý á Íslandi í byrjun júlí. Mál sem lá fyrir í upphafi ráðningar en nú að koma inn. Heimsóknaráætlunin fellur að óbreyttu á lok ágúst fram í byrjun október.

Næsti fundur áætlaður 10. júní.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:12

ÁHBj ritaði